



Akraneskaupstaður

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið  
Ívilnananefnd  
Skúlagötu 4

150 Reykjavík

Akranesi, 28. nóvember 2014  
1411162 RÁ/ahj

**Efni: I.Á hönnun - ívilnun vegna nýfjárfestinga**

Á fundi bæjarráðs Akraness, sem haldinn var þann 27. nóvember 2014, var fjallað um erindi Ívilnananefndar dags. 24. 11. 2014, þar sem óskað er umsagnar um fjárfestingaverkefni IÁ-hönnunar ehf. sem fyrirhugað er á Akranesi.

Bæjarráð samþykkti fyrirbyggjandi umsögn.

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,

Regína Ásvaldsdóttir,  
bæjarstjóri

Meðf. Umsögn bæjarráðs Akraneskaupstaðar  
Afrit: I.Á - hönnun



## Akraneskaupstaður

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

B.t. Ívilnananefndar

Skúlagötu 4

150 Reykjavík

Akranesi, 26. nóvember 2014

1411162 RÁ/sa

**Efni: Umsögn bæjarráðs Akraneskaupstaðar vegna fjárfestingarverkefnis IÁ-hönnunar efh.**

Vísað er til bréfs Ívilnananefndar frá 24. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Akraneskaupstaðar um ofangreint.

Það skal upplýst að forsvarsmenn fyrirtækisins hafa haldið fulltrúum Akraneskaupstaðar vel upplýstum um sín áform og fyrirhugað verkefni. Fyrirtækið sem stendur að umræddum rekstri er mikilvæg stoð í atvinnulífinu á Akranesi með langa og farsæla sögu. Fyrirtækið er í samkeppni á alþjóðavettvangi og hefur náð eftirtektarverðum árangri undanfarin ár. Það er mikilvægt að skapa slíkum fyrirtækjum rekstrarumhverfi sem gerir þeim kleift að halda áfram á þeirri braut innan þess ramma sem regluverk þar að lútandi býður upp á. Að öðrum kosti er raunveruleg hættu á að missa starfsemina úr landi með því samfélagslega tjóni sem af hlýst, hvort sem litið er til hagsmuna ríkis eða sveitarfélagsins.

Í því sambandi og með hliðsjón af því sem önnur sveitarfélög hafa gert í þeim fjárfestingarsamningum sem gerðir hafa verið sbr. upplýsingar frá ráðuneytinu lýsir bæjarráð Akraneskaupstaðar yfir eftirfarandi:

1. Akraneskaupstaður er reiðubúinn að veita ívilnun á fasteignasköttum vegna fyrirhugaðra viðbygginga við Bakkatún 30, 300 Akranesi þannig að fyrirtækið greiði x % lægra hlutfall en áskilið hámarkshlutfall skv. II. kafla laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga í 10 ár frá undirritun samnings (gildistöku laga um samninginn).


Sama afsláttarregla gildi vegna breytinga sem kunna verða gerðar á lögnum frá undirritun samnings.

2. Akraneskaupstaður er reiðubúinn að veita ívilnun á gatnagerðargjöldum vegna fyrirhugaðra viðbygginga við Bakkatún 30 þannig að fyrirtækið greiði xx % lægra gjald en samkvæmt gjaldskrá Akraneskaupstaðar nr.161/2012.
3. Akraneskaupstaður er reiðubúinn að veita „ívilnun“ bæði vegna fasteignaskatts annarra fasteigna á athafnasvæðinu (Bakkatún 24,26,28,30 og 32, Krókatún 22-24) og þeirra viðbygginga sem reistar verða. Útfærslan yrði þannig að heimila fyrirtækinu fyrirframgreiðslu fasteignaskatts með núvirðingu gjaldanna til 10 ára með þeim fyrirvara að slíkt sé heimilt samkvæmt lögum. Ávöxtunarkrafa yrði aldrei hærrí en sem nemur meðaltali innlánsvaxta Akraneskaupstaðar. Óskað er eftir svari frá ráðuneytinu hvort þessi „ívilnun“ geti fallið undir fyrirhugaðan samning. Nánari útfærsla varðandi leiðréttingar eingreiðslu vegna breytinga á fasteignagjöldum verður mótuð m.t.t. lagaheimilda.

Varðandi umhverfismat vegna framkvæmdarinnar er rétt að taka fram að fyrirhuguð viðbygging er á deiliskipulagðri iðnaðarlóð og starfsemin er í veigamiklum atriðum svipuð núverandi starfsemi. Með hliðsjón af því verður ekki séð að þörf sé á umhverfismati vegna framkvæmdarinnar en það er í hlutverki Skipulagsstofnunar að meta hvort hvort framkvæmdin falli undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana og lög nr. 106/200 um umhverfismat.

Ef óskað er frekari skýringa við einstaka liði umsagnarinnar veitir undirrituð þær fúslega.

Virðingarfyllt,



Regína Ásvaldsdóttir,  
bæjarstjóri

Afrit:

1. IÁ-Hönnun, Bakkatúni 30, 300 Akranesi